

**Mál nr. 451/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nöfn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Skráningarnúmer ökutækis (A)**

**Bótaskyldur kostnaður. Sjúkrakostnaður.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 7. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. janúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 7. janúar 2026 (átti væntanlega að vera 8. janúar).

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að hinn 31. desember 2023 slasaðist M er bifreið A var ekið aftan á bifreið B sem M ók. Einnig kemur fram að ágreiningur er milli aðila um greiðslu kostnaðar vegna öflunar skýrslu frá sjúkrahjálfa. Nánar tiltekið sé um að ræða reikning að fjárhæð kr. 75.000. Hafi V greitt kr. 40.000 en neiti að borga þær kr. 35.000 sem út af standi. Þetta hafi V gert þrátt fyrir að stuðst hafi verið við skýrsluna við mat á afleiðingum slyssins sem V hafi staðfest, enda hafi allt uppgjör í málinu farið fram á grundvelli þeirrar matsgerðar að undanskildum þessum kr. 35.000. Með tölvupósti, dags. 4. september 2025, hafi verið tilkynnt að V hafni því að greiða framangreindan kostnað að fullu þar sem gjaldtaka sjúkrahjálfa væri óhófleg miðað við efni skýrslunnar. Hafi V fært frekari rök fyrir þeirri ákvörðun sinni. Vegna þessa tekur M fram að V beri skv. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að greiða nauðsynlegan sjúkrakostnað en hinn umþrætti kostnaður falli þar undir. Í þessu sambandi er bent á að M hafi verið vísað til sjúkrahjálfa af heimilislækni skömmu eftir slysið, meðferð hafi hafist fjórum mánuðum eftir slys. Þegar í ljós hafi komið í september 2024 að M var enn í meðferð hjá sjúkrahjálfa hafi verið ákveðið að afla skýrslu frá honum, enda talið að slík skýrsla kæmi til með að hafa þýðingu við mat á varanlegum afleiðingum slyssins. Með skýrslunni væri unnt að sýna fram á þróun einkenna M og hverjar varanlegar afleiðingar slyssins væru. Auk þess myndi slík skýrsla sýna fram á að M hafi sinnt tjonstakmörkunarskyldu sinni. Þá hafi einnig við mat á þýðingu skýrslunnar verið litið til þess að sjúkrahjálfa meðferð hafi staðið yfir í töluverðan tíma og V hafi greitt alla reikninga vegna sjúkrahjálfa á athugasemdalaust. Þessu til viðbótar bendir M á að í fyrirbyggjandi matsgerð sé á nokkrum stöðum vikið að skýrslu sjúkrahjálfa og því sem þar kemur fram. Skýrslan hafi því legið til grundvallar niðurstöðu matsins sem V hafi fallist á að leggja til grundvallar uppgjöri í málinu. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M í tiltekna dóma. Að lokum vísar M til þess að í málinu liggja fyrir rökstuðningur sjúkrahjálfa fyrir því að á bak við skýrslugerðina sé gagnasöfnun og úrvinnsla úr gögnum, ásamt því að hitta M aukalega til að fara yfir skýrsluna og tryggja að allar upplýsingar séu réttar. Því sé ekkert óeðlilegt við reikninginn. Þá er einnig bent á að óforsvaranlegt sé að láta M bera þennan kostnað, enda stæði það V nær að deila um hann beint við sjúkrahjálfa en ekki við M.

Í athugasemdum V, dags. 7. janúar 2026, kemur m.a. fram að V hafni því ekki að það kunni að vera eðlilegt og nauðsynlegt í einstaka tilfellum að afla gagna eins og því sem deilan snýr að þegar einstaklingur hefur verið í meðferð hjá sjúkrahjálfa. Ágreiningurinn lúti hins vegar að því hvort hinn umkræfði kostnaður umfram greiddar kr. 40.000 sé eðlilegur. Í því sambandi leggur V áherslu á að greiðsluskylda félagsins samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga tekur til nauðsynlegs og hæfilegs sjúkrakostnaðar. Óumdeilt sé að kostnaður við öflun vottorða kunni að falla þar undir og geri hann það í allflestum tilfellum. Ábyrgð V á grundvelli framangreinds lagaákvæðis feli, þrátt fyrir framangreint, ekki í sér skyldu til að greiða ótilgreinda tímavinnu þjónustuaðila án þess að fyrir kostnaðinum liggja haldþærar skýringar. Þannig kunni að vera bæði eðlilegt og nauðsynlegt að óska eftir skýringum í einstaka tilfellum þegar kostnaður við gagnaöflun stenst ekki með nokkrum hætti efnislegan samanburð. V greiði allmikinn fjölda sambærilegra skýrslna á ári hverju. Að jafnaði greiði V um það bil kr. 15.000 – 35.000 fyrir sambærilegar skýrslur. Að mati V sé því kostnaðurinn við umrædda skýrslu langtum hærra en almennt sé greitt fyrir sambærilegar skýrslur. Í þessu sambandi bendir V einnig á að umrædd skýrsla sé stutt, um 400 orð og feli að meginsteftu í sér samantekt úr fyrirbyggjandi sjúkraskrá og komunótum. Þá byggir hún einnig, skv. fyrirbyggjandi gögnum, á upplýsingum frá fundi M og skýrsluhöfundar. V telur því ósannað sé að eftirstöðvar að fjárhæð, þ.e. kr. 35.000 teljist nauðsynlegur og eðlilegur sjúkrakostnaður í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Í þessu samhengi vísar félagið

einnig til þess að tímaskráning skýrsluhöfundar sé enn með öllu órökstudd. Þá bendir V jafnframt á að skýrsluhöfundur hafi boðað M til að fara yfir efni skýrslunnar. Að mati V sé slíkt verklag bæði óeðlilegt og ónauðsynlegt enda eigi skýrsla sjúkraþjálfara að vera matsgagn sem byggji á hlutlægum gögnum en ekki skoðunum eða huglægri afstöðu tjónþola. Ljóst sé að yfirferð, innlegg eða staðfesting M hafi ekki verið nauðsynlegur þáttur í skýrsluskrifum og því geti kostnaðurinn sem felst í umræddum fundi ekki fengist bættur úr ábyrgðartryggingu A sem sjúkrakostnaður. Þessu til viðbótar hafnar V því að þó í matsgerð hafi verið vísað til skýrslunnar og V hafi lagt matið til grundvallar uppgjöri leiði af því að V hafi samþykkt að fullu allan kostnað við undirliggjandi gagnaöflun. Afstaða til uppgjörs feli ekki í sér skilyrðislaust samþykki á hverjum einstökum reikningi er málið varðar. Þá liggja fyrir að í matsgerð sé vísað til skýrslunnar stuttlega á einum stað. Ekki verði því séð að nokkuð í henni hafi haft þýðingu við niðurstöðu matsmanns og því er að mati V enn vafi um hvort að umrætt gagn hafi verið nauðsynlegt í umræddu máli. Af hálfu M sé loks byggt á því að óeðlilegt sé að M beri eftirstöðvar kostnaðarins og að V eigi frekar að deila við sjúkraþjálfarann um kostnaðinn. V hafnar því sjónarmiði alfarið. V hafi ekki verið upplýst um verkbeidnina og því ekki samþykkt öflun skýrslunnar.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð. Þá er áréttað að M telji að ákvörðun sjúkraþjálfara að hitta skjólstaðinginn við gerð skýrslunnar dragi með engu móti úr sönnunargildi eða vægi hennar. Þá sé kostnaðurinn ekki úr hófi ef miðað er við aðra reikninga sem sjúkraþjálfarar gefa út vegna gerðar skýrslu. Starfsmenn V séu ekki bærir til þess að greina eðlilega tímalengd að baki vinnunnar.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri rök ítrekuð og færð rök gegn því sem fram kemur í viðbótarathugasemdum M. Þá tekur V m.a. fram að það hafi ekki haldið því fram að samþykki þess sé áskilið fyrir öflun gagna af þessu tagi. Þegar gagnaöflun fari hins vegar fram án aðkomu V hvíli sönnunarbyrðin á M um að kostnaðurinn teljist bótaskyldur samkvæmt skaðabótalögum. Telur V að slík sönnun liggja ekki fyrir í málinu. Þá tekur V einnig fram að það telji sig vel í stakk búið til að meta hvort gjaldtaka sé hæfileg í einstökum tilvikum.

#### Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað M vegna öflunar skýrslu sjúkraþjálfara. Fjárhæð sú sem um er deilt er samtals kr. 35.000. Nefndin telur að það hafi verið eðlilegur hluti af gagnöflun í málinu að óska eftir upplýsingum um meðferð M hjá viðkomandi sjúkraþjálfara, eftir atvikum í formi vottorðs eða skýrslu. Því teljist skýrslan hafa verið nauðsynlegt gagn þegar kom að því að meta afleiðingar líkamstjóns M enda ljóst að viðkomandi sjúkraþjálfari kom með beinum hætti að meðferð M í kjölfar slyssins. M hafði því réttmætar væntingar til þess að slíkur sjúkrakostnaður yrði almennt endurgreiddur af hálfu V. Í raun virðist heldur ekki um það deilt í sjálfu sér að um sjúkrakostnað samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga sé að ræða. Um það er hins vegar deilt hvort V, sé heimilt í ljósi tjónstakmörkunarskyldu M, að hafna því að greiða hluta þess kostnaðar sem sjúkraþjálfarinn krafist vegna skýrslunnar.

Samkvæmt meginreglu skaðabóta- og vátryggingaréttar skal tjónþoli gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón sitt. Skylda M takmarkast þannig við að gera það sem sanngjarnt er að ætlast til af honum. Hér gildi því eins og endranær um gagnaöflun í líkamstjónamálum að M bar skylda til að gera sitt til þess að kostnaði vegna gagnaöflunar yrði stillt í hóf. Í því fellst þó ekki að mati nefndarinnar að rétt sé í þessu máli að gera þær kröfur að M hefði átt að hafna því að greiða reikning sjúkraþjálfarans að fullu. Hér bendir nefndin einnig á að þó V hafi í málalíbúnaði sínum m.a. byggt á að það greiði almennt um það bil kr. 15.000 – 35.000 fyrir sambærilegar skýrslur, voru engin frekari gögn lögð fram því til stuðnings. Af framangreindu þykir að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að M hafi ekki gætt að tjónstakmörkunarskyldu sinni umrætt sinn.

#### Niðurstaða.

M á rétt á endurgreiðslu kostnaðar að fjárhæð kr. 75.000 vegna öflunar skýrslu frá sjúkraþjálfara, úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir